

Vöktun umhverfispáttá 2018

við aflagðan urðunarstað í landi Fjósa við Búðardal

1. Inngangur

Sveitarfélagið Dalabyggð ber ábyrgð á viðhaldi aflagðs urðunarstaðar í landi Fjósa, rétt norðan við byggðina í Búðardal. Eftirlit við urðunarstaðinn tekur mið af fyrirætlum Umhverfisstofnunar um frágang og vöktun, sem gefin voru út 11. júní 2014. Með þjónustusamningi, dags. 14. janúar 2016, tók Umhverfissráðgjöf Íslands ehf. í Borgarnesi að sér reglubundið eftirlit, mælingar og sýnatöku við urðunarstaðinn í samræmi við grein 1.8 í fyrirnefndum fyrirætlum.

Mynd 1 sýnir staðsetningu urðunarstaðarins í grófum dráttum.



Mynd 1. Staðsetning aflagðs urðunarstaðar Dalabyggðar norðan við Búðardal.

Komið hefur verið fyrir þremur mælibrunnum við urðunarsvæðið, einum ofan þess (HVM121) með hnattstöðu N65°06,98' – V21°45,37' og tveimur fyrir neðan. Syðri brunnurinn neðan við svæðið (HVM170) hefur hnattstöðu N65°07,02' – V21°45,50' og sá nyrðri („nýr brunnur“) N65°07,06' – V21°45,50'. Tekin skulu sýni úr brunnunum til efnagreininga í samræmi við fyrirnefnd fyrirætlun fyrir 1. október annað hvort ár (í fyrsta

sinn 2014). Staða grunnvatns í brunnunum skal mæld fyrir 1. maí og 1. október ár hvert. Mynd 2 sýnir staðsetningar mælibrunnanna.



Mynd 2. Staðsetning mælibrunna við aflagðan urðunarstað Dalabyggðar við Búðardal. (Grunnur: Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar (www.skipulag.is)).



Mynd 3. Nýrri (nyrðri) mælibrunnurinn neðan við gamla urðunarstaðinn 10. sept. 2018. Í baksýn grillir í syðri brunninn (HVM170) (við girðinguna v. megin við nyrðri brunninn) og fjær sést byggðin í Búðardal.

2. Sýnataka og mælingar 2018

30. apríl 2018

Um var að ræða hefðbundna mælingu á grunnvatnsstöðu að vori. Mælingin fór fram milli kl. 14:00 og 14:30 í hægviðri, lágskýjuðu og röku veðri og u.þ.b. 3ja stiga hita. Kl. 14 sýndi veðurstöð í Ásgarði S 2 m/sek og 2,1°C. Yfirborð svæðisins var fremur blautt eftir undangengnar rigningar, en þrífalegt og snjólaust með öllu. Nyrðri brunnurinn neðan við svæðið var loklaus sem fyrr og enn var eftir að skera hann í endanlega hæð.

10. september 2018

Ætlunin var að taka sýni til efnagreininga skv. fyrirmælum um frágang og vöktun. Þetta reyndist ómögulegt þar sem allir brunnar voru annað hvort þurrir eða svo vatnslitlir að ekki var hægt að ná sýnum úr þeim. Grunnvatnsstaða var hins vegar mæld að því marki sem það var mögulegt. Mælingin fór fram milli kl. 13:00 og 14:00 í hægviðri og skýjuðu og mildu veðri. Kl. 12 sýndi veðurstöð í Ásgarði SSA 1 m/sek, 9,7°C og 87% raka. Svæðið var þurrt og þrífalegt að vanda. Frágangi nyrðri brunnsins neðan við svæðið var enn ólokið.

3. Grunnvatnsstaða

Staða grunnvatns var mæld í fyrsta sinn 27. apríl 2016 og verður framvegis mæld tvisvar á ári í samræmi við fyrirmæli um frágang og vöktun. Tafla 1 sýnir grunnvatnsstöðu í mælibrunnum frá upphafi mælinga.

Mælibr. nr.	Hæð brunns m.y.s.	27.04.2016 m.y.s.	07.11.2016 m.y.s.	24.04.2017 m.y.s.	25.09.2017 m.y.s.	30.04.2018 m.y.s.	10.09.2018 m.y.s.
HVM121	33,25	31,69	31,79	31,64	31,51	31,59	31,52
HVM170	16,25	13,73	14,31	13,58	13,87	13,68	13,44
Nýr br.		-	-1,70	-1,77	-1,74	-1,77	-2,42 (þurr)

Tafla 1. Grunnvatnsstaða við gamla urðunarstaðinn við Búðardal frá og með vorinu 2016. (Staðan í nýja brunnum verður leiðrétt þegar hæðarmæling liggur fyrir. Brunnurinn stendur 140 cm upp úr jörðu).

Borgarnesi 1. október 2018
Stefán Gíslason,
UMÍS ehf. Environice